

**Nd. 305. Frumvarp til laga [159. mál]**

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970, um lífeyrissjóð bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

**1. gr.**

17. gr. laganna orðist svo:

Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- a. Hafi náð 70 ára aldri.
- b. Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.

c. Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma, sbr. 3. málsg. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964—1969, brot úr ári til að ná fullum 10 árum, veldur það þó ekki réttindamissi, ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum 10 árum.

Nú andast maður, sem öðlzt hafði rétt til ellilífeyris samkvæmt 1. málsg. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c-liðar 1. málsg. með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969 og áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. málsg., og fullnægt sé skilyrðum 1. málsg. 11. gr. um aldur og hjúskapartíma. Sambúð, sbr. 3. málsg. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbyli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir, að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann þó reiknast lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili, ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbyli, ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Leita skal álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á, hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbyla, áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbylis er afgreidd.

## 2. gr.

18. gr. orðist svo:

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. málsg. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal grundvallarlauna, sbr. 2. málsg. 8. gr., næstu 5 almanaksár, áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri, ef skilyrðum 2. málsg. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal ellilífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Skal ellilífeyrir nema 1.8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár, en makalífeyrir skal nema 5% að viðbættum 1% fyrir hvert réttindaár.

Hafi bóndi stundað búskap, þar til hann lézt, og verið yngri en 67 ára, skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris auk réttindatíma samkvæmt 3. málsg. 17. gr. taka tillit til þess tíma, sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir samkvæmt 9. og 11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein, og telst frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr., telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi eftir árslok 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar, hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignaskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður auk réttindatíma sem bóndi jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum nr. 63 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélagum, skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð, sem hvor aðili hefði greitt, ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurðun og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu, er nema  $\frac{1}{6}$  grundvallarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 2. málgr. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um  $\frac{1}{12}$  fyrir hvern  $\frac{1}{12}$  hluta grundvallarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en  $\frac{3}{4}$ , skal hann felldur niður með öllu.

### 3. gr.

3. málgr. 21. gr. orðist svo:

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar skal áunnum stigum sjóðfélaga samkvæmt 8. gr. þau ár, sem hann hefur verið í hjónabandi eða sambúð, skipt að jöfnu. Á sama hátt skal skipta ellilífeyri samkvæmt 18. gr., ef slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar eiga sér stað, eftir að manni hefur verið úrskurðaður lífeyrir sem kvæntum bónda.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ákvæði þeirra gilda frá 1. janúar 1972.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Um réttindi samkvæmt II. kafla laga nr. 101 1970 fer á árinu 1971 eftir eldri ákvæðum. Frá 1. janúar 1972 skal reikna lífeyri þeirra, sem hófu töku hans árið 1971, samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs bænda, og fer hér á eftir greinargerð, er fylgdi frumvarpinu frá stjórn lífeyrissjóðsins:

#### „A. Almennar athugasemdir.

Ákvæði þau um sérstök lífeyrisréttindi aldraðra bænda, sem eru í 17. og 18. gr. laga nr. 101 1970, voru samin með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 18 1970 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Með lögfestingu þessara lífeyrisréttinda til handa bændum var viðurkennt það sjónarmið fulltrúa samtaka bænda, að eðlilegt hlyti að vera að bændur nytu í þessu efni hliðstæðra framlaga úr opinberum sjóðum og launþegum innan A.S.Í höfðu verið tryggð í sambandi við samkomulag launþega og vinnuveitenda 19. maí 1969.

Með lögum nr. 63 1971, sem komu í stað laga nr. 18 1970, voru gerðar margvíslegar breytingar á lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Í til efni af þeim breytingum leyfir stjórn Lífeyrissjóðs bænda sér að senda ráðuneytinu meðfylgjandi lagafrumvarp. Hins vegar lítur hún svo á, að enn sé ekki tímabært að hefjast handa um þá heildarendurskoðun laganna, sem samkvæmt bráðabirgða-ákvæði þeirra á að fara fram fyrir árslok 1972, þar eð lítil reynsla er fengin af framkvæmd I. kafla.

Af breytingum þeim, sem í frumvarpinu felast, má í fyrsta lagi nefna, að skilyrðið um búskap í árslok 1967 er fellt niður. Er gert ráð fyrir, að þeim bændum, sem reiknaður er réttindatími frá árslokum 1954, nægi að hafa talizt bændur til fardaga 1964. Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að maður, sem náð hefur 75 ára aldri, eigi rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki, enda uppfylli hann önnur skilyrði laganna. Í þriðja lagi er tekinn upp einfaldari reikningsgrundvöllur, sem jafnframt hefur í för með sér hækkun ellilífeyris. Þá er réttur til makalífeyris gerður víðtækari, komið er á gagnkvæmri tengingu við lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, og nokkuð er dregið úr skerðingu lífeyris vegna vinnutekna.

Í hinum nýju lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum er ákvæði um heimild ráðherra til að ákveða greiðslu uppbótar á eftirlaun, sem þegar hafa verið úrskurðuð. Er ákvæði þetta í samræmi við meðlæðingir hlutaðeigandi lífeyris-sjóða, enda er gert ráð fyrir, að ráðherra hafi við ákvörðunina m. a. hliðsjón af þeim

uppbótum, sem almennt eru greiddar af lífeyrissjóðunum. Við setningu laganna um Lífeyrissjóð bænda var talið óraunhæft að óbreyttum tekjugrundvelli að hafa slík verðtryggingarákvæði í I. kafla laganna. Til þess að koma í veg fyrir vaxandi misræmi milli I. og II. kafla er lagt til, að þetta atriði haldist óbreytt að þessu sinni, en verði athugað nánar við heildarendurskoðun laganna.

Nánar verður að breytingunum vikið í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Að óbreyttum lögum hafa heildarútgjöld samkvæmt II. kafla verið áætluð 8.0 millj. kr. árið 1972. Útgjaldaaukning, sem samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér, er lauslega áætluð 9.1 millj. kr. á því ári. Af þeirri fjárhæð koma 5.7 millj. kr. í hlut ríkissjóðs, en 3.4 millj. kr. í hlut Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Verða þá heildarútgjöld 17.1 millj. kr., hluti ríkissjóðs 10.7 millj. kr. og hluti stofnlánadeildarinnar 6.4 millj. kr. Ekki er unnt að gera nákvæma áætlun um útgjöld þessi.

#### *B. Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### *Um 1. gr.*

Ákvæði b-liðar 1. málgr. um, að maður, sem náð hefur 75 ára aldri, eigi rétt á ellilífeyri án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki, auðveldar mjög framkvæmd laganna. Margir aldraðir bændur minnka smám saman bústofn sinn og búrekstur, en láta jörð sína ekki af hendi að fullu. Um ákvæði c-liðar skirskotast til þess, sem að framan er sagt í almennum athugasemdum.

Í 2. málgr. felst sú breyting, að hinn látni þarf að hafa náð 60 ára aldri í stað 70 ára samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Heimildin í 4. málgr. um, að víkja megi frá skilyrðinu um lögbýli, er nýmæli. Á það skal bent, að samkvæmt I. kafla laganna eru bændur utan lögbýla ekki sjóðsfélagar, en grundvallarhugsunin að baki ákvæða II. kafla er hins vegar sú, að hópur aldraðra bænda fái réttindi í áttina við þau, sem hinir yngri ávinna sér með skylduþátttöku samkvæmt I. kafla. Engu að síður er það tillaga sjóðstjórnar, að heimildarákvæði þetta verði sett í trausti þess, að samræmi fái að þessu leyti við heildarendurskoðun laganna.

##### *Um 2. gr.*

Breytingin á hundraðshlutum ellilífeyris í 1. málgr. er í samræmi við ákvæði I. kafla og ákvæði laga nr. 63 1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Verður ellilífeyrir með þessu móti 18% í stað 12.5%, ef réttindatími er 10 ár, og 36% í stað 30%, ef réttindatími er 20 ár. Í 2. málgr. er einnig um að ræða breytingu til samræmis við ákvæði I. kafla um makalífeyri, en hliðstæð breyting var gerð með lögum nr. 63 1971.

Í lögum nr. 63 1971 er kveðið svo á, að launþegi skuli fá reiknaðan sem réttindatíma tíma, sem hann hefur verið bóndi. Í 5. málgr. eru þessi tengsl gerð gagnkvæm og gert ráð fyrir, að hvor aðili um sig, Lífeyrissjóður bænda og umsjónarnefnd eftirlauna greiði lífeyri að sínum hluta eftir hlutaðeigandi lagaákvæðum.

Í 6. málgr. felst sú rýmkun á skerðingarákvæðum, að lífeyrir skerðist ekki, ef vinnutekjur lífeyrisþegans eru undir  $\frac{1}{5}$  grundvallarlauna (þ. e.  $\frac{1}{4}$  þeirra launa, sem lífeyrir einhleyps bónda miðast við), en áður var markið  $\frac{1}{12}$  grundvallarlauna. Hliðstæð rýmkun fólst í lögum nr. 63 1971.

##### *Um 3. gr.*

Í 3. málgr. 21. gr. núgildandi laga er kveðið á um skiptingu áunninna stiga, þ. e. réttinda samkvæmt I. kafla, sem greitt hefur verið fyrir með iðgjöldum, við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar. Rétt þykir að láta sömu reglu gilda um ellilífeyri samkvæmt II. kafla, ef slit hjúskapar eða sambúðar eiga sér stað, eftir að lífeyrir hefur verið úrskurðaður. Hins vegar gæti skipting réttinda vegna sambúðar, sem slitíð

hefur verið. áður en til lífeyrisgreiðslu kemur, valdið ágreiningi og jafnvel málaferlum, sem æskilegt er að komast hjá.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Tilgangurinn með bráðabirgðaákvæðunum er sá að taka af öll tvímæli um, hvernig haga skuli endurskoðun þeirra fjárhæða, sem úrskurðaðar hafa verið samkvæmt núgildandi lagaákvæðum.

Reykjavík, 8. desember 1971.

F. h. stjórnar Lífeyrissjóðs bændu

Guðl. Þorvaldsson.“